

Umhverfis- og auðlindaráðuneyti
b/t verkefnisstjórnar um rammaáætlun, Herdísar Schopka
Skuggasundi 1
IS-150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 03.08.2016
Tilvísun vor: 07.08

Efni: Athugasemd við tillögu að flokkun R3130A Holtavirkjun

Með auglýsingu, dagsettri þann 11. maí 2016, óskaði verkefnisstjórn 3. áfanga rammaáætlunar eftir athugasemdum við tillögu að flokkun virkjunarkosta eigi síðar en 3. ágúst 2016. Samkvæmt tillögunni leggur verkefnisstjórnin til að Holtavirkjun verði raðað í orkunýtingarflokk.

Helstu rök verkefnisstjórnar fyrir flokkun virkjunarkostsins í orkunýtingarflokk eru:


- *Lágar einkunnir faghópa 1 og 2*

Holtavirkjun raðaðist í orkunýtingarflokk í fyrstu tillögum að flokkun virkjana í 2. áfanga rammaáætlunar. Röðun virkjunarinnar samkvæmt mati faghópa er svipuð núna í 3. áfanga og er því gerð tillaga um að þessi kostur raðist í orkunýtingarflokk. Landsvirkjun lýsir ánægju sinni með þá niðurstöðu gerir því engar athugasemdir við niðurstöður verkefnisstjórnar.

Virðingarfyllt



Óli Grétar Blöndal Sveinsson
framkvæmdastjóri



Jón Ingimarsson
forstöðumaður